

## S a m g ö n g u s a m n i n g u r

Markmið samgöngustefnu Skógræktarinnar er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan og hagkvæman ferðamáta.

Skógræktin og starfsmenn stofnunarinnar, sem undirrita samkomulag þetta, gera með sér eftirfarandi samning um vistvænar samgöngur til og frá vinnustað.

### 1. gr.

Skógræktin hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvænan samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnustað.

Með vistvænum samgöngum er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast til og frá vinnu í einkabíl, svo sem að ganga, hjóla eða ferðast með strætisvögnum.

### 2. gr.

Það starfsfólk sem að jafnaði, ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti í að jafnaði í 60% tilvika (þrjú daga í viku), á rétt á árlegum samgöngustuðningi frá stofnuninni frá undirritun samningsins þ.e.a.s.

- Stofnunin greiðir árskort í strætisvagna fyrir starfsfólk sem að jafnaði notar strætó í og úr vinnu og býr á gjaldsvæði eitt. Stofnunin mun sjá um að kaupa og láta útbúa strætisvagnakortin.
- Stofnunin greiðir andvirði árskorts í strætisvagna fyrir starfsfólk sem að jafnaði hjólar eða gengur í og úr vinnu og miðast upphæðin við þann dag sem samningurinn er undirritaður kr. \_\_\_\_\_ Styrkurinn er greiddur út í lok tímabilsins.
- Starfsfólk sem býr á gjaldsvæði tvö, þrjú eða fjögur og nýtir sér almenningsamgöngur í og úr vinnu fær greitt sem nemur árskorti á gjaldsvæði eitt.

Starfsmaður velur eftirfarandi vistvænan ferðamáta:

- a) Að ferðast að jafnaði með strætisvagni til og frá vinnu \_\_\_\_\_
- b) Að hjóla eða ganga að jafnaði til og frá vinnu \_\_\_\_\_

### 3. gr.

Skógræktin mun einnig bjóða starfsfólki sínu strætómiða fyrir styttri ferðir vegna vinnu sinnar, svo sem til að fara á fundi.

### 4. gr.

Fyrir það starfsfólk sem að jafnaði notar vistvænan samgöngumáta greiðir Skógræktin leigubílakostnað í neyðartilvikum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda barna.

### 5. gr.

Samningur þessi gildir í ár frá undirritun hans og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með þriggja mánaða fyrirvara.

Egilsstöðum,

F.h. Skógræktarinnar

Starfsmaður